

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Dalvegur 20-28. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 22. september 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalveg 20-28. Í breytingunni felst að lögð verður tengibraut milli Dalvegur og Reykjanesbrautar með afreinar frá og að Reykjanesbraut. Á tengibrautinni miðri verður hringtorg sem og á gatnamótum Dalvegur. Lögð verður gata sem tengir núverandi götu sunnan Dalvegur 18 að Dalvegi 30 og 32. Hluti Dalvegur breikkar og nýr hjólastígur verður lagður í Kópavogsdal. Þá eru eftirtaldir breytingar gerðar:

Á lóð nr. 20 við Dalveg breytast lóðarmörk og aðkoma að lóð. Lóð stækkar og verður 3.420 m² eftir breytingu.

Á lóð nr. 22 við Dalveg breytast lóðarmörk og aðkoma að lóð. Lóð stækkar og verður 6.376 m² eftir breytingu.

Á lóð nr. 24 við Dalveg er gert ráð fyrir að fjarlægja núverandi byggingar á lóðinni og reisa í þeirra stað verslunar- og þjónustuhús á 4 hæðum auk inndreginnar þakhæðar og niðurgrafinnar bílageymslu á tveimur hæðum. Lóðarmörk og aðkoma að lóð breytist. Lóð minnkar og verður 6.198 m² eftir breytingu. Byggingarreitir sem og heildarflatarmál fyrirhugaðrar byggingar helst óbreytt frá gildandi deiliskipulagi eða 9.800 m² auk bílageymslu sem ráðgerð er 5.000 m². Krafa er gerð um eitt bílastæði á hverja 35 m² í atvinnuhúsnæði.

Á lóð nr. 26 við Dalveg breytast lóðarmörk og aðkoma að lóð. Lóð minnkar og verður 4.420 m² eftir breytingu.

Á lóð nr. 28 við Dalveg breytast lóðarmörk og aðkoma að lóð. Lóð minnkar og verður 3.280 m² eftir breytingu.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Dalvegur 30. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 22. september 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalveg 30. Í breytingunni felst að fjarlægja allar núverandi byggingar á lóðinni og reisa í þeirra stað verslunar- og þjónustuhúsnæði á 3-5 hæðum auk niðurgrafinnar bílageymslu. Hámarksflatarmál bygginga á lóðinni er áætlað 16.500 m² án bílageymslu en hún er áætluð um 4.000 m² að stærð. Gert er ráð fyrir einu bílastæði á hverja 100 m² í geymslurými, einu stæði á hverja 50 m² í skrifstofurými og einu stæði á hverja 35 m² í verslunar-rými. Hámarksfjöldi bílastæða á lóð er áætlaður um 470 stæði, þar af 140 neðanjarðar. Aðkoma að svæðinu breytist með götutengingu í vesturhluta lóðar og breyttum gatnamótum við Dalveg. Lögð verður gata sem tengir núverandi götu sunnan Dalvegur 18 að Dalvegi 32. Gert er ráð fyrir gatnatengingu milli Dalvegur 30 og 32. Lóðarstærð er óbreytt.

Hluti Dalvegur breikkar og nýr hjólastígur verður lagður í Kópavogsdal.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 24. september 2020.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.